

5. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari fer að hætti opinberra mála.

6. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Kaldrananeshrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júlí 1981.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 343 26. september 1977 um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur að Hlöðum í Fellahreppi.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lánskjör vegna gatnagerðargjalda skv. 3. grein skulu vera hin sömu og lána-
kjör Byggðasjóðs á hverjum tíma.

Verði dráttur á endanlegum frágangi sbr. gr. 3, má eigi reikna vexti eða verð-
bætur af síðustu greiðslu nema eitt ár eins og ef enginn dráttur hefði orðið.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Fellahrepps,
staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum
tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Leifsgötu frá Þorfinnsgötu að Barónsstíg.
2. Heimilt verður að leggja bifreiðum við gangstéttir beggja vegna Leifsgötu.
3. Bifreiðastöður verða bannaðar við Hjarðarhaga að austanverðu og norðanverðu
götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 25. júlí n. k.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 17. júlí 1981.

Sigurjón Sigurðsson.